

From: [Stefán Pálsson](#)
To: [Heimir Snær Guðmundsson](#)
Subject: FW: FS: Fyrirspurn frá íbúaráði Grafarholts og Úlfarsárdals
Date: sunnudagur, 2. júlí 2023 19:40:56

Hér er svarið frá heilbrigðiseftirlitinu. Er ekki rétt að áframsenda á ráðið?

Kv, stefán

From: Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>
Date: Thursday, 29 June 2023 at 13:11
To: Stefán Pálsson <Stefan.Palsson@reykjavik.is>
Cc: Rósa Magnúsdóttir <rosa.magnusdottir@reykjavik.is>, Ívar Örn Árnason <Ivar.Orn.Arnason@reykjavik.is>
Subject: Re: FS: Fyrirspurn frá íbúaráði Grafarholts og Úlfarsárdals

Tilvísun í mál: 2023060417

Sæll Stefán.

Í viðauka IV við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, viðauka IV í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og viðauka í reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eru listar yfir starfsemi sem er leyfisskyld eða skráningarskyld hjá heilbrigðiseftirlit. Ferðþjónusta, d.d. ferðir á fjórhjólum er hvorki leyfis né skráningarskyld hjá heilbrigðiseftirliti.

Ef horft er til ákvæða í lögum og reglugerðum er tvennt sem á vel við.
Í 22. gr. í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti segir "*Skylt er að haga allri starfsemi þannig að ekki valdi ónæði. Að öðru leyti fer samkvæmt reglugerð um hávaða.*"

Í 8 gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða segir eftirfarandi "*Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða.*
Eigendur vélknúinna ökutækja skulu sjá svo um að farartæki þeirra valdi ekki óþarfa hávaða. Gæta skal þess að hljómflytningstæki og önnur tæki á almannafæri valdi ekki heilsuspillandi hávaða eða óþarfa ónæði. Í íbúðarhverfum skulu íbúar og aðrir koma í veg fyrir ónæði gagnvart nágrönnum vegna hávaða. Gæta skal sérstaklega að hávaðavörnum í og við leik- og grunnskóla sem og dvalarrými þjónustustofnana."

Í sömu reglugerð er eftirfarandi skilgreining á ónæði: "*Ónæði: Veruleg eða ítrekuð truflun eða áreiti af völdum hávaða sem sker sig úr því umhverfi sem um ræðir.*"

Í reglugerðunum koma ekki fram viðmið fyrir ónæði og verður það því alltaf byggt á mati hvort um ónæði er að ræða.

Í viðauka (viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða) í reglugerð um hávaða er að finna töflu I þar sem fram koma mörk vegna umferðar ökutækja. Mælingar á umferðarhávaða eru mælingar á jafngildishljóðstigi þ.e. meðalhljóðstig yfir tímaeiningu t.d. klukkustund. Stök ökutæki eða umferð yfir stutt tímabil hefur þá tiltölulega lítið að segja í meðaltalshljóðstigi.

Heilbrigðiseftirlitinu hafa borist kvartanir vegna umferðar fjórhjóra um Skyggisbraut. Heilbrigðisfulltrúi hefur verið í samskiptum við fyrirtækið í nokkur skipti og minnt á fyrrnefnd ákvæði um að gæta þess að valda ekki hávaða, minnt á hámarkshraða í götunni og brýnt fyrirfyrirtækinu að takmarka ónæði

eins og mögulegt er. Samkvæmt svörum fyrirtækisins hefur það dregið verulega úr ferðum um Skyggnisbraut eða um allt að helming. Að auki hefur því verið bætt inn í verklaga að minna hópa á að sýna tillitssemi þegar ekið er um Skyggnisbraut til að takmarka hávaða og ónæði, að sögn forsvarsmanns. Í máli forsvarsmanns hefur komið fram á fyrirtækið hyggur á flutninga á næstu árum og mun þá alfarið hætta að aka um Skyggnisbraut.

Þú hefur samband ef frekari spurningar eru.

Með kveðju,
Guðjón Ingi Eggertsson, heilbrigðisfulltrúi
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfiseftirlit

Borgartún 12, 105 Reykjavík
s: 411 1111, t-póstur: gudjon.ingi.eggertsson@reykjavik.is
Vefslóð: heilbrigðiseftirlit.reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Frá: Stefán Pálsson <Stefan.Palsson@reykjavik.is>
Sent: mánudagur, 26. júní 2023 09:23
Til: Heilbrigðiseftirlit <heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is>
Efni: Fyrirspurn frá íbúaráði Grafarholts og Úlfarsárdals

Góðan daginn

Í 7. lið síðasta fundar íbúaráðsins segir:

Fram fer umræða um óánægju íbúa við Skyggnisbraut vegna hávaðamengunar og slyshættu vegna umferðar fjórhjóra á vegum ferðapjónustufyrirtækis.

Fram fer umræða um óánægju íbúa við Skyggnisbraut vegna hávaðamengunar og slyshættu vegna umferðar fjórhjóra á vegum ferðapjónustufyrirtækis.
Samþykkt að fela formanni að senda Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og eftir atvikum öðrum opinberum aðilum erindi vegna málsins.

Í því ljósi sendir ráðið eftirfarandi fyrirspurn til Heilbrigðiseftirlitsins:

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals óskar eftir upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um hvernig starfsemi fyrirtækja sem skipuleggja fjórhjólaferðir fyrir ofan Úlfarsárdalshverfið er háttað og hvaða skilyrði þau þurfi að uppfylla varðandi ónæði sem af henni kann að hljóta og hvort til einhverra aðgerða hafi verið gripið?

Með bestu kveðjum,

Stefán Pálsson starfandi formaður Íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals

s. 6636875

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.